



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sameiningu íþrótt- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs

Á fundi borgarráðs þann 11. ágúst 2022 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fram kemur í minnisblaði Strategíu sem lagt var fyrir borgarráð 24. febrúar sl. að tækifæri liggi til framtíðar í að rýna kosti og galla þess að sameina Íþrótt- og tómstundasvið og Menningar- og ferðamálasvið. Fór sú rýni fram áður en ákveðið var að sameina sviðin? Ef svo er þá er óskað eftir því að kynning fari fram á þeirri rýni í borgarráði á næsta fundi ráðsins.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 12. ágúst sl.

Svar:

Grunnurinn að þeirri ákvörðun að sameina íþrótt- og tómstundasvið og menningar- og ferðamálasvið má finna í samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar dags. 6.6.2022. Þar segir: „Við ætlum að sameina málaflokka íþrótt og menningar í einu sviði.“ Á fundi borgarráðs 21. júlí 2022 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að menningar- og ferðamálasvið og íþrótt- og tómstundasvið verði sameinuð í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra og miðað við að breytingin taki gildi 1. janúar 2023. Starfshópur heldur utan um verkefnið og innleiðinguna. Auglýst hefur verið eftir sviðsstjóra sameinaðs sviðs sem mun m.a. leiða samráð við starfsfólk, hagaðila og aðra þá sem koma að starfsemi í þessum mikilvægu málaflokkum.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari